

Staðalmyndir

Hvað er staðalmynd? Fólk er oft skilgreint sem hluti af hópi á grundvelli þjóðmenningar, trúarbragða, uppruna eða ytri einkenna á borð við litarhátt, kyn, kynhneigð, stærð, hárgreiðslu eða klæðaburði. Með þessari skilgreiningu á hópum eru ákveðin einkenni oft tileinkuð fólki, þannig að tiltekna ímyndir tengjast vissum hópum. Þessar ímyndir eru oft ýktar og gjarnan notaðar til að draga niður viðkomandi. Staðalmyndir geta hamlað því að einstaklingurinn sé metinn á eigin forsendum og auka líkur á fordómum. Staðalmyndir birtast víða s.s. í bókum (jafnvel kennslubókum), í samræðum, teiknimyndum og teiknimyndasögum, auglýsingum og kvikmyndum.

Dæmi um staðalmyndir:

- Stelpur eru hræddar við pöddur
- Strákar eru alltaf að slást
- Stelpur eru viðkvæmar
- Strákar eru óþekkir
- Fatlað fólk stundar ekki kynlíf
- Hommar eru kvenlegir
- Lesbíur eru grófar
- Múslimar koma illa fram við konur
- Femínistar hata karla

Kynjaðar staðalmyndir – Hvað getur kennarinn gert?

Á sama tíma og kynjaðar staðalmyndir hafa áhrif á allt samfélagið, þá eru börn og ungmenni sérstaklega móttækileg fyrir þeim. Þau nota staðalmyndir til að vega og meta tækifæri sín í lífinu og til að finna sér stað og stöðu í samfélaginu. Í kennslustofunni felast ómetanleg tækifæri til að benda ungu fólki á hversu hamlandi og skaðandi staðalmyndir kynjanna geta verið. Eins eru rík tækifæri til að kenna börnum og ungmönnum að horfa gagnrýnum augum á þau kynjuðu skilaboð sem stöðugt berast frá umhverfinu. Rannsóknir hafa sýnt að börn horfa á staðalmyndir í afþreyingarefni og mynda sér skoðun á kynjunum út frá þeim. Í barnaefni má t.d. gjarnan sjá feður sem fjarverandi frá heimilinu, þeir eru uppteknir við annað en að sinna börnunum sínum. Þeir kyssa og knúsa börnin minna en mæðurnar en skamma þau meira. Mæður eru gjarnan sýndar sem umhyggjusamar, heimavinnandi og þjónandi. Karlar og strákar í afþreyingarefni eru oft tengdir ójöfnuði, árásargirni, valdi, athafnasemi, reiði og þvingunum en konur og stelpur eru oft tengdar við hlýju, umhyggju, óvirkni, fallett útlit, ráðaleysi, þörf fyrir vernd og þjónustuhlutverk.

Með því að hvetja nemendur til að setja spurningar við kynjaðar staðalmyndir eru þeim veitt tækifæri til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína og tækifæri óháð kyni. Kennarar eru í þeirri stöðu að

Þeir geta rætt staðalmyndir við nemendur sína, gefið þeim dæmi og hvatt þá til að horfa og ræða með gagnrýnum augum á þá ímynd sem sett hefur verið fram. Þetta getur kennari gert með því að benda á dæmi sem koma fram í kennsluefni sem verið er að vinna með eða með því að grípa inn í umræður nemenda þegar dæmi um kynjaðar staðalmyndir koma upp.

Kennari þarf ekki að vera búinn að grandskoða kennsluefni fyrirfram með staðalmyndir til hliðsjónar heldur þarf hann að vera tilbúinn til að varpa fram spurningum þegar hann kemur auga á kynjaðar staðalmyndir í kennsluefninu. Hann getur einnig þjálfað nemendur í að gagnrýna kennsluefni t.d. með því að bera saman texta eftir konur og karla eða bera saman birtingarmyndir kvenna og karla í námsbókum. Kennarinn þarf að vera á tánum varðandi samræður og tal nemenda og vera tilbúinn til að grípa inn í umræður þegar við á. Setningar eins og „Þú sparkar eins og stelpa“, „Ertu hommi?“ og aðrar álíka geta haft skaðleg áhrif og mikilvægt er að kennari grípi inni þegar hann heyrir slíku slengt fram. Börn segja oft ýmislegt án þess að ætla að særa eða móðga neinn og átta sig ekki á því að orð þeirra hafi áhrif. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til umræðu um af hverju svona setningar eru slæmar og hvaða áhrif þær geta haft á mótun viðhorfa okkar m.a. til kynjanna.

Hvað get ég gert sem kennari til að stuðla að kynjajafnrétti og til að brjóta upp skaðandi staðalmyndir?

- Ögrað hefðbundnum kynhlutverkum í samræðum við nemendur, segja sögur af t.d. konum sem starfa sem sjómenn og körlum sem starfa sem hjúkrunarfræðingar.
- Þegar þú heyrir eða sérð dæmi um hefðbundnar kynjaðar staðalmyndir notaðu tækifærið og ræddu við börnin um af hverju þetta er svona og hvað þeim finnst.
- Ræddu við nemendur um að ekki allir upplifi sig sem stelpur eða stráka
- Vertu meðvituð/aður um að kynja ekki að óþörfu, ekki tala um stelpur og stráka, stelpudót og strákadót, stelpuföt og strákaföt... talaðu frekar um börn, barnaleikföng, barnaföt o.s.fv.
- Forðastu að tala um og við kynin sem einsleitán hóp, ekki segja „Stelpur eru svo viðkvæmar“ Eða „Það eru alltaf svo mikil læti í strákunum“. Talaðu um og við einstaklingana, ekki hópinn út frá kyni.
- Reyndu að skipta börnum í hópa á fjölbreyttan hátt t.d. eftir því hvenær þau eiga afmæli, eftir systkinafjölda eða annað. Forðastu að skipta þeim í hópa eftir kynjum, það er í lagi inn á milli en ekki að það sé almenna reglan.
- Forðastu að fela nemendum verkefni út frá því sem hefðbundið gæti talist út frá kyni. Ekki alltaf biðja strákana að bera þunga hluti og stelpurnar um að strjúka af borðunum eða raða bókunum. Ef þú óskar eftir því að nemendur hjálpi til, vertu þá meðvituð/aður um að brjóta reglulega upp hlutverkin.
- Komdu eins fram við alla nemendur. Forðastu að vera mildari við stelpurnar og hressari eða strangari við strákana. Þorðu að hafa trú á öllum nemendum og gerðu kröfur til þeirra í von um að ná fram betri frammistöðu.
- Ritaðu hjá þér nöfn hvaða barna þú segir upphátt oftast yfir daginn, ef sum nöfn koma upp oft og önnur aldrei skaltu rýna í samskipti þín við þekkingu og reyna að jafna þetta út
- Skoraðu á nemendur að prófa athafnir sem eru út fyrir kynjaðan þægingdaramma þeirra (t.d. í íþróttum, dansi, leiklist o.fl.).
- Gefðu nemendum tækifæri til að vinna saman í blönduðum kynjahópum og láttu nemendur t.d. draga um sæti í kennslustofunni.

- Notaðu dæmi um kynjamismun þegar tækifæri gefast. Notaðu t.d. tölfræði um launamun kynjanna í stærðfræði og í sögu og bókmenntum getur þú rætt um birtingarmyndir kynjanna og hvort og þá hvernig þær hafa breyst í tímans rás. Í listgreinatímum og tónmennt er tilvalið að kynna verk listakvæna fyrir nemendum. Í textílmennt má kynna karlkyns fata- eða textílhönnuði o.s.fv.
- Vertu dugleg/ur að benda nemendum á mismuninn á fjölda og framsetningu kynjanna í fjölmiðlum. Hvernig birtast kynin í auglýsingum? Leyfðu þeim að vinna verkefni þar sem einhver þáttur fjölmiðla er skoðaður sérstaklega út frá kynjasjónarmiði (t.d. teiknimyndir, íþróttaréttir, útvarpsþættir o.fl.).
- Vertu meðvituð/aður um að hrósa nemendum fyrir eitthvað annað en almennt er gert, hrósaðu t.d. stelpum fyrir að vera harðar af sér og hrósaðu strákum fyrir að sýna umhyggjusemi.
- Notaðu allt sem þér dettur í hug til að kveikja umræður hjá nemendum, í umhverfinu allt um kring má sjá kynjaðar staðalímyndir sem hægt er að benda á.